

# Félagsatferli villtra minka á Íslandi

Menja von Schmalensee <sup>(1,2)</sup>, Róbert A. Stefánsson <sup>(1,2)</sup>, Eggert Gunnarsson <sup>(2)</sup> og Páll Hersteinsson <sup>(2)</sup>

1. Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur, menja@nsv.is, 2. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Keldum v/Vesturlandsveg, 112 Reykjavík, 3. Líffræðistofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

## 1. Inngangur

Minkar eru almennt taldir vera einfatar sem verji óðul sín fyrir öðrum minkum sama kyns af harðfylgi og forðist samskipti nema milli kynjanna á fengitíma. Oft er því lítil skörun á heimasvæðum minka sama kyns (t.d. Dunstone 1993), þótt íslenskar niðurstöður bendi til að skörunin geti verið talsverð á haustin þegar minkahvolpar fara að heiman og landamæri heimasvæða verða óljós (Róbert Arnar Stefánsson 2000, Menja von Schmalensee, óbirt gögn). Ekki er vitað til þess að steggir taki nokkurn þátt í umönnun hvolpa (Dunstone 1993).

## 2. Aðferðir

Fylgst var með atferli 58 minka sem merktir voru með radiósendum á þremur ólíkum rannsóknasvæðum; við sjó á Reykjanesskaga og ferskvatn við Sogið í Grímsnesi á árunum 1996-1999, og haustið 2003 við sjó á norðanverðu Snæfellsnesi. Þegar vart varð við fleiri en einn mink á sama svæði á sama tíma, var atferli þeirra skráð nákvæmlega, hvort sem um merkta eða ómerkta minka var að ræða. Við úrvinnslu gagna var atferlið flokkað í þrennt: a) "vingjarnlegt", b) "hlutlaust" og c) "árásargjart" (1. tafla).

	Vingjarnlegt	Dýrin virðast sækjast eftir eða í það minnsta umbera félagskap hvors annars án nokkurra merkja um árásgirni (þvo sem skrækja, slagsmála eða að annað er rekið á brott). Dæmi um þetta eru notkun sama bælis á sama tíma og samfylgd við yfirferð/fæðuleit í fjöru.
	Hlutlaust	Dýrin verða að öllum líkindum vör við hvort annað en sýna ekki viðbrögð við hvort öðru.
	Árásargjart	Dýrin slást, skrækja á hvort annað og/eða annað dýrið flæmir hitt á brott.

1. tafla. Skilgreiningar á flokkun atferlis.



1. mynd. Skipting atferlisflokka eftir því hvaða minkar eiga í hlut. (t.d. merkt + merkt = atferli milli tveggja radiómerktra minka).

## 3. Niðurstöður

Í 49 tilfellum var skráð atferli þar sem tveir eða fleiri minkar áttu í hlut, þar af eitt á fengitíma. Í engu þessara tilfella var um að ræða samskipti móður við afkvæmi. Í 36 (73%) tilfellum, þar af 32 tilfellum á milli minka sama kyns, mátti lýsa atferlinu sem "hlutlausu" eða "vingjarnlegu". Slíkt atferli var í öllum tilfellum nema tveim milli tveggja merktra dýra, þ.e. dýra sem voru staðbundin og búin að vera á svæðinu um nokkurt skeið. Þegar um árásargjarna hegðun var að ræða, var í öllum tilfellum nema einu annar eða báðir minkar ómerktir og því líklega nýkomnir á svæðið (sjá 1. mynd).

## 4. Umræða og ályktanir

- Niðurstöðurnar benda sterklega til þess að minkar sýni meira umburðarlyndi gagnvart nágrönnum sínum en ókunnugum dýrum en þetta er í fyrsta sinn sem slíku hefur verið lýst fyrir þessa tegund.
- Öll tilfelli um "vingjarnlegt" og "hlutlaust" atferli áttu sér stað á rannsóknarsvæðinu við sjó á Reykjanesskaga, þar sem heimasvæði minka voru að jafnaði mun minni en við ferskvatn (Róbert A. Stefánsson 2000, Menja von Schmalensee, óbirt gögn). Þetta bendir til þess að það borgi sig ekki fyrir minka að sýna nágrönnum sínum árásargirni þegar miklar líkur eru á að hitta þá oft eða ef fæðuframboð er mikið og stöðugt, sem er líkleg skýring á smæð heimasvæðanna við sjó.
- Þessar niðurstöður sýna að félagsatferli minka er sveigjanlegt og getur verið breytilegt við mismunandi ytri aðstæður.

Verkefnið er hluti af stærra verkefni, sem styrkt var af Vísindasjóði og Rannsóknánámsjóði Rannsóknaræðs Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Veidikortasjóði. Landeigendur rannsóknarsvæða veittu aðgang að landi sínu. Hólmfríður Sigþórsdóttir og Guðmundur Þórðarson aðstoðuðu um skeið við vinnu úti í mörkinni. Karl Skírnisson veitti ráðgjöf, sérstaklega í upphafi verkefnisins. Fá allir þessir aðilar bestu þakkir fyrir.

Heimildir

Dunstone, N. (1993). The Mink. T. & A.D. Poyser, London, 232 bls.  
Róbert A. Stefánsson (2000). Ferðir og fæða íslenska minkins (Mustela vison). 45 eininga prófritgerð til M.S. náms við Líffræðisbiskur Háskóla Íslands. 301 bls.